



KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. 6 7/10/2035
komudagur 4.5.2012

Reykjavík 3. maí 2012.

Umsögn KPMG ehf. við frumvarp á þingskjali 1072, um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (undanþágur, endurgreiðslur o.fl.) – 666. mál.

Þann 30. apríl. sl. gengu fulltrúar KPMG ehf. á fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, að ósk nefndarinnar. Fundarefnið var ofangreint frumvarp. Fulltrúar KPMG ehf. gerðu munnlegar athugasemdir við eina grein frumvarpsins. Þær athugasemdir eru hér festar í letur að ósk nefndarinnar.

Athugasemdir KPMG ehf. beinast að lokamálsgrein 5. gr. og að 6. gr. frumvarpsins. Í frumvarpsgreinum þessum eru lagðar til breytingar á 42. og 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Í 42. gr. er kveðið á um endurgreiðslur virðisaukaskatts til íbúðarhúsaeigenda, opinberra aðila, rannsóknaraðila, rekstraraðila hópbíla og björgunarsveita vegna kaupa á þjónustu og/eða vörum. Í 43. gr. er kveðið á heimild til handa ráðherra, að mæla í reglugerð fyrir um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna, erlendra fyrirtækja og sendimanna erlendra ríkja, vegna kaupa á vörum og/eða þjónustu.

Með frumvarpinu er til að allar þessar endurgreiðslur verði háðar því skilyrði að seljandi þeirrar þjónustu eða vöru, sem endurgreiðslan varðar, sé skráður á virðisaukaskattsskrá á því tímamarki þegar viðskiptin eiga sér stað. Slíkt skilyrði er þegar til staðar að því er varðar innskattsrétt virðisaukaskattsskyldra aðila.

KPMG ehf. leyfir sér að draga í efa að rétt sé að gera sömu kröfur í þessum efnum til allra endurgreiðsluþega og gerðar eru til virðisaukaskattsskyldra atvinnufyrirtækja. Á það einkum við um endurgreiðslur til fólks sem leggur í kostnað við viðhald íbúðarhúsnaðis síns, en einnig um endurgreiðslur til erlendis búsettra ferðamanna.

Það skýtur skökku við að synja eiganda íbúðarhúsnaðis um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem hann sannanlega hefur borgað við kaup á viðhaldsþjónustu. Með endurgreiðslubeiðni sinni til ríkisskattstjóra leggur húseigandinn fram gögn sem eru ríkisskattstjóra nægur grundvöllur til að fullnusta þá skyldu sína að úrskurða seljanda þjónustunnar á virðisaukaskattsskrá og gera honum að greiða virðisaukaskattinn. Því verður ekki séð að tillaga þessi þjóni eftirlitshagsmunum. Ekki fer hjá því að í huga komi máltækið að hengja bakara fyrir smíð.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.

